

Minnisblað

Dagsetning: 15. desember 2022
Viðtakandi: Sveinn Kári Valdimarsson, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022. Vistgerðir.

Náttúrustofa Norðausturlands gerði gróðurmælingar í 14 vistgerðarsniðum sumarið 2022. Af þeim voru 10 eldri svokölluð IPA snið og 4 ný snið (1. tafla og 1. mynd).

Framkvæmd 2022

Við undirbúning verkefnisins var lagt upp með að gera gróðurmælingar í forgangsvistgerðum, helst á náttúruverndarsvæðum og voru bæði eldri og ný gróðursnið valin m.t.t. þess. Við val á nýjum sniðum á Norðausturlandi var einnig horft til þess að leggja út snið á fleiri náttúruverndarsvæðum og í fjölbreyttari forgangsvistgerðum. Ákveðið var að leggja út tvö ný snið í Öxarfirði sem er eitt af þeim svæðum sem eru í tillögum að B-hluta náttúruinjasráðs. Annars vegar í gulstararflóavist og hinsvegar í gulstararfitjavist en báðar þessar vistgerðir hafa þar nokkra þekju samkvæmt vistgerðarkorti. Einnig var ákveðið að leggja út eitt nýtt snið í Kæfumýri á Mývatnsheiði, í runnamýravist á láglendi, en þar er Náttúrustofan einnig með mófuglavöktun. Fjórdi nýja sniðið var síðan lagt út í Framengjum í Mývatnssveit en þær eru innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Þar varð runnamýravist á láglendi fyrir valinu. Staðsetning á nýjum sniðum var sett út tilviljunarkennt í viðkomandi vistgerðarþekju áður en farið var á vettvang.

Vettvangsvinna fór fram 11. júlí – 4. ágúst og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni, Berghóru Kristjánsdóttur, Sigþrúði Stelli Jóhannsdóttur og Viktori F. Aðalsteinssyni. Þrír starfsmenn fóru í hvert skipti og voru yfirleitt tekin 2 snið á dag. Heilt yfir gekk vinnan nokkuð vel. Veður setti stundum strik í reikninginn en reynt var að forðast slagveðursrigningu sem var nokkuð algeng sumarið 2022 og þá kom fyrir að svæðin væru mjög blaut. Greiningar voru krefjandi en það leystist allt vel og í lok sumars var farið með nokkur gróðursýni til Pawels Wasowicz á Náttúrufræðistofnun Íslands til nánari greiningar og staðfestingar.

Úrvinnsla og niðurstöður


Við vettvangsvinnu í Öxarfirði kom í ljós að gulstararfitjavist var ekki þar sem staðsetning sniðs hafði verið sett, heldur starungsflóavist. Einnig var ófært að punktinum sökum mikillar bleytu og var hann færður til en vistgerðin var sú sama. Þá kom einnig í ljós að staðsetning nýs sniðs í Kæfumýri var í rimamýravist en ekki runnamýravist á láglendi eins og lagt var upp með. Ákveðið var að láta þá staðsetningu halda sér þar sem einnig var um að ræða forgangsvistgerð. Runnamýravist á láglendi finnst þó á svæðinu en er líklega ekki eins útbreidd eins og vistgerðarkortið gaf til kynna.

Niðurstöður úr gróðurmælingum og ljósmyndir hafa verið settar inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands.



1.tafla. Gróðursnið í vistgerðum á Norðausturlandi 2022.

Dagsetning	Starfsmenn	Staðsetning	Snið	Vistgerð	Dags. eldri gróðurmælinga
11.07.2022	AÖS, SSJ, VFA	Eyjafjörður - Hörgárósar	EY-127-02	Sjávarfitjungsvist	26.07.2013
11.07.2022	AÖS, SSJ, VFA	Eyjafjörður – Laufás	EY-127-04	Sjávarfitjungsvist	31.07.2013
13.07.2022	AÖS, SSJ, VFA	Mývatnsheiði-Kæfumýri	TH-MYV-01-2022	Rimamýravist	Nýtt snið
13.07.2022	AÖS, SSJ, VFA	Mývatnssveit - Framengjar	TH-MYV-02-2022	Runnamýravist á láglendi	Nýtt snið
18.07.2022	BK, SSJ, VFA	Melrakkaslétta-Oddsstaðir	MS-65-04	Sjávarfitjungsvist	18.07.2013
18.07.2022	BK, SSJ, VFA	Melrakkaslétta-Oddsstaðir	MS-65-03	Sjávarfitjungsvist	18.07.2013
18.07.2022	BK, SSJ, VFA	Melrakkaslétta-Blikalón	MS-65-01	Sjávarfitjungsvist	16.07.2013
19.07.2022	BK, SSJ, VFA	Melrakkaslétta-Hóll	MS-42-01	Starungsmýravist	23.07.2013
19.07.2022	BK, SSJ, VFA	Melrakkaslétta-Kollavík	MS-42-02	Starungsmýravist	17.07.2013
20.07.2022	BK, SSJ, VFA	Öxarfjörður-Skógar	OX-01-2022	Starungsflóavist	Nýtt snið
20.07.2022	BK, SSJ, VFA	Öxarfjörður-Skógar	OX-02-2022	Gulstararflóavist	Nýtt snið
02.08.2022	AÖS, SSJ, VFA	Skjálfafljót	S30-1	Starungsmýravist	11.08.2002
04.08.2022	AÖS, SSJ, VFA	Fljótsheiði	TH-43-01	Rimamýravist	07.08.2012
04.08.2022	AÖS, SSJ, VFA	Fljótsheiði	TH-40-02	Rimamýravist	08.08.2012



1.mynd. Staðsetning vistgerðarsniða á Norðausturlandi 2022.